

Ójöfnuður og frávíkshæðun ungmenna: Tengsl innflytjendastöðu og álags við afbrot, ofbeldi og vopnaburð

Margrét Valdimarsdóttir, dósent í félagsfræði við HÍ

ÚTDRÁTTUR: Í rannsókninni er kannað hvort frávíkshæðun ungra innflytjenda sé meiri en annarra jafnaldra og hvort þau tengsl skýrist af ójöfnuði og öðrum álagstengdum þáttum. Byggt er á álagskenningu Robert Agnew og notað er tilviljunarúrtak yfir 3000 13 til 17 ára ungmenna á höfuðborgarsvæðinu. Gögnin eru hluti af alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi. Frávíkshæðun er mæld sem afbrot, ofbeldi og vopnaburður, og skoðað er hvort upplifð mismunur, fjárhagsstaða heimilis (afstæður skortur, e. *relative family deprivation*) og þolendareynsla miðli tengslum innflytjendastöðu og hegðunar. Niðurstöður sýna að ungir innflytjendur eru líklegri en þau sem ekki hafa erlendan bakgrunn til að upplifa álagstengda þætti. Þolendareynsla hafði sterk tengsl við allar tegundir frávíkshæðunar, en upplifð mismunur og fátækt tengdust eingöngu vopnaburði. Niðurstöður varðandi brotahegðun eftir innflytjendastöðu eru flóknari en stundum er gefið til kynna í opinberri umræðu. Til að mynda benda þær til þess að ungir innflytjendur af fyrstu kynslóð séu hvorki líklegri til að brjóta af sér né beita ofbeldi en börn með íslenskan bakgrunn. Að teknu tilliti til álagstengdra þátta er fyrsta kynslóð ólíklegri til afbrota. Önnur kynslóð innflytjenda er þó líklegri til að beita ofbeldi sem skýrist að hluta til af meiri þolendareynslu. Þolendareynsla virðist sérstaklega mikilvægur áhættuþáttur og því ætti stuðningur við þolendur að vera í forgrunni forvarna.

LYKILORD: Ungir innflytjendur, álagskenningar, afbrot og önnur frávíkshæðun

ABSTRACT: This study examines differences in delinquency between young immigrant and native youth, and whether these differences are explained by inequality and other strain-related factors. The analysis draws on Robert Agnew's general strain theory and is based on a random sample of more than 3,000 adolescents aged 13 to 17 in the capital region of Iceland. The data collection was part of an international research collaboration. Delinquency is measured through indicators of crime, violence, and weapon carrying. The study tests whether perceived discrimination,

relative family deprivation, and victimisation mediate the relationship between immigrant background and behaviour. The findings reveal a more nuanced pattern of offending by immigrant status than is often suggested in public debate. There is no difference in delinquency between first-generation immigrant youth and their native peers; however, once strain-related factors are controlled for, first-generation immigrants are significantly less likely to have committed a crime. Second-generation immigrant youth are more likely to engage in violence, partly due to their higher levels of victimisation. Victimisation was strongly associated with all forms of delinquency, while perceived discrimination and poverty were linked only to weapon carrying. Overall, victimisation emerges as a particularly important risk factor, highlighting the need for victim-focused support within prevention efforts.

KEYWORDS: Immigrant youth, strain theories, crime and other delinquency

Inngangur

Málefni innflytjenda hafa verið áberandi í opinberri umræðu á undanförunum árum. Fram yfir síðustu aldamót var íslenska þjóðin enn afar einsleit, en nú búa hér hlutfallslega fleiri innflytjendur en í flestum löndum Evrópu (Eurostat Data, e.d.). Líkt og víða annars staðar snýst umræðan hér á landi að hluta um meintar ógnir við öryggi landsmanna sem fylgifyisk fjölmennigar (Heber, 2023; Óðinn, 2024). Alþjóðlegar rannsóknir benda einmitt til þess að fjölgun innflytjenda leiði til aukins ótta við afbrot (Ajzenman o.fl., 2023; Nunziata, 2015) en styðja ekki þá fullyrðingu að hátt hlutfall innflytjenda leiði til aukinnar tíðni ofbeldis eða annarra afbrota (Boateng o.fl., 2021; Marie og Pinotti, 2024)

Tilgangur þessarar rannsóknar er að prófa álagsskenningar (Agnew, 1992; Merton, 1957) um áhrif ójafnaðar og annarra álagstengdra þátta á frávikshegðun ungmenna. Samkvæmt kenningunum getur neikvæð lífsreynsla, einkum þegar hún er upplifð sem ósanngjörn eða felur í sér félagslega höfnun, vakið vonleysi og reiði sem ýtir undir afbrot og ofbeldi (Agnew, 2013).

Rannsóknir sýna að ungmenni af erlendum uppruna búa oftari við bágari efnahagsstöðu (Eyrún M. Rúnarsdóttir, 2019) og verða frekar fyrir mismun, hótunum eða ofbeldi en innfæddir jafnaldrar þeirra (t.d. Garmy o.fl., 2018). Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort tengsl innflytjendastöðu og frávikshegðunar ungs fólks miðlist í gegnum upplifaða mismun, slæma fjárhagsstöðu heimilis í samanburði við önnur heimili (e. *relative family deprivation*) og þolandareynslu (að hafa verið beitt eða hótad ofbeldi).

Mikilvægi rannsóknarinnar felst í fyrsta lagi í því að hún beinir sjónum að efni sem hefur lítið verið rannsakað í íslensku samhengi meðal ungmenna sem eru á aldri þegar brotahegðun byrjar yfirleitt að koma fram en eru enn móttækileg fyrir inngrípum (Loeber og Farrington, 2014). Í öðru lagi byggist rannsóknin á upplýsingum frá börnunum sjálfum og nær því til hegðunar sem ekki er tilkynnt til opinberra aðila (t.d. lögreglu eða barnaverndar). Í þriðja lagi innihalda gögn rannsóknarinnar mjög ítarlegar upplýsingar sem veita tækifæri til að greina flókið samspil félagslegra aðstæðna, upplifunar og frávikshegðunar.

Yfirlit fyrri rannsókna á tengslum innflytjendastöðu og afbrota

Rannsóknur á tengslum innflytjenda og afbrota má skipta í tvo flokka sem endurspeglar ólík samanburðarstig. Annars vegar eru svæðisbundnar rannsóknir (e. *macro-level studies*) sem kanna hvort hlutfall eða fjölgun innflytjenda tengist tíðni afbrota. Hins vegar eru einstaklingsbundnar rannsóknir (e. *micro-level studies*) sem meta hvort innflytjendur séu líklegri en innfæddir til að brjóta af sér. Niðurstöður úr þessum tveimur nálgunum fara ekki endilega saman þar sem fjölgun innflytjenda getur haft áhrif á samfélagslega þætti sem tengjast afbrotum án þess að endurspeglar brotahegðun

innflytjenda sjálfra, s.s. félagslega samheldni, efnahagsþróun, löggæslu og aldursamsetningu íbúa (Bove o.fl., 2023; Putnam, 2007; Wickes o.fl., 2022; Wickes og Sydes, 2018).

Niðurstöður rannsókna sem fela í sér samanburði á milli landa hafa almennt ekki fundið tengsl á milli hlutfalls innflytjenda og tíðni afbrota (Boateng o.fl., 2021; Marie og Pinotti, 2024; Nunziata, 2015). Viða á Vesturlöndum tengist hlutfallslegur fjöldi innflytjenda í hverfum annað hvort lægri tíðni afbrota eða að ekki koma fram tengsl. Á þessu eru þó undantekningar sem virðast einkum vera til staðar í þeim löndum þar sem ríkir mikill ójöfnuður á milli innflytjenda og annarra íbúa, til dæmis í Frakklandi og Belgíu (Sjá yfirlit í Kubrin og Alvarado, 2025; Steinmetz, 2020).

Flestar rannsóknir sem bera saman unga einstaklinga hafa verið gerðar í Bandaríkjunum, og eru niðurstöður þeirra nokkuð skýrar. Fyrsta kynslóð ungra innflytjenda brýtur sjaldnar af sér en innfæddir jafnaldrar þeirra og önnur kynslóð hefur yfirleitt svipaða eða örlítið lægri brotatíðni en ungmenni án erlends bakgrunns (sjá yfirlit í Chouhy og Madero-Hernandez, 2019). Svipað mynstur hefur komið fram í rannsóknum í öðrum löndum með langa innflytjendasögu, svo sem í Kanada og Ástralía (sjá yfirlit í Kubrin og Alvarado, 2025). Fræðimenn hafa bent á að fjölskyldutengsl innflytjenda séu oft sterkari en innfæddra og að slík tengsl hafi tilhneigingu til að draga úr brotahegðun ungs fólks. Aðlögun innflytjenda að samfélaginu hefur einnig verið nokkuð greið í þessum löndum (Desmond og Kubrin, 2009; Reitz, 2012).

Í Evrópu eru niðurstöður rannsókna ekki eins afgerandi og virðast að einhverju leyti háðar því hvers konar gögn eru notuð. Rannsóknir sem byggjast á opinberum gögnum, t.d. frá lögreglu, sýna margar hærri brotatíðni meðal fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda en ungmenna sem ekki hafa erlendan bakgrunn (sjá yfirlit í Svensson og Shannon, 2021). Þar sem aðeins hluti af öllum afbrotum í samfélaginu eru skráð í opinber gögn (Margrét Valdimarsdóttir, 2022) liggur einn helsti veikleiki slíkra gagna í mögulegri skekkju sem myndast ef brot innflytjenda eru líklegri en brot innfæddra til að enda á borði lögreglunnar. Rannsóknir á Norðurlöndunum sýna að ungir innflytjendur upplifa mismunun af hálfu lögreglu og að eftirlit beinist einkum að sýnilegum minnihlutahópum (Haller o.fl., 2020; Saarikkomäki o.fl., 2021; Solhjell o.fl., 2019). Í rannsókn Holmberg og Kyvsgaard (2003) komu fram vísbendingar um ólíka meðferð fólks eftir bakgrunni í danska réttarkerfinu. Mismunun í réttarkerfinu getur orðið til þess að munur á brotatíðni innflytjenda og innfæddra er ofmetinn í rannsóknum sem nota opinber gögn (Klement, 2020; Unnever, 2018).

Auk þess er sjaldan tekið tillit til félags- og efnahagsstöðu í rannsóknum sem byggjast á opinberum gögnum, sem takmarkar möguleika á að einangra áhrif innflytjendastöðu á brotahegðun. Rannsókn Hällsten, Szulkin og Sarnecki (2013) er undantekning að þessu leyti. Þar voru notaðar upplýsingar um alla sem luku skyldunámi í Stokkhólmi á árunum 1990 til 1993 og skráð brot þeirra voru rakin til ársins 2005, þegar elstu einstaklingarnir höfðu náð þrítugsaldri. Niðurstöður sýndu að bæði fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda voru töluvert líklegri en fólk með sænskan bakgrunn til að hafa verið grunaðar um afbrot, sakfelldar og hlotið fangelsisdóm. Þegar tekið var tillit til ólíkrar félags- og efnahagsstöðu foreldra minnkaði munurinn verulega. Rannsakendur drógu þá ályktun að háa tíðni skráðra brota meðal ungra innflytjenda í Stokkhólmi megi rekja til félagslegra aðstæðna þeirra í æsku, þá sérstaklega að hafa alist upp í jaðarsettu hverfi.

Yfirlit Fernández-Pacheco Alises o.fl. (2022) sýnir að niðurstöður rannsókna sem byggjast á kannanagögnum (e. *self-report*) eru breytilegar milli landa, sem líklega endurspeglar mun á félagslegri stöðu innflytjenda í ólíkum löndum en líka að einhverju leyti ólíka aðferðafræði (t.d. skilgreiningu á innflytjanda). Fræðilegt gildi samanburðar á brotatíðni ungmenna eftir innflytjendastöðu felst í því að prófa kenningar sem skýra mögulegan mun milli hópa. Þótt slíkar rannsóknir séu enn fáar hefur þeim fjölgað á undanförunum árum.

Svensson og Shannon (2021) greindu stórt úrtak sænskra skólabarna (meðalaldur 15 ára) til þess að prófa annars vegar taumhaldskenningu Hirschi (1969) og hins vegar kenningar um félagsmótun og áhrif vina. Niðurstöðurnar sýndu að bæði fyrsta og önnur kynslóð ungra innflytjenda voru líklegri til að brjóta af sér en aðrir jafnaldrar, en áhrifum innflytjendastöðu á afbrot var hvorki miðlað í

gegnum veik tengsl né brotahegðun vina. Í samræmi við fjölda rannsókna (sjá t.d. yfirlit í Costello og Laub, 2020) sýndu niðurstöður að tengsl við foreldra (stuðningur og eftirlit) draga úr frávíkshæðun og að þau ungmenni sem eiga vini sem brjóta mikið af sér eru líklegri til að gera það sama. Þessir þættir höfðu þó svipuð áhrif á öll ungmenni og skýrðu ekki mun eftir uppruna. Þrátt fyrir marktæk tengsl milli innflytjendastöðu og afbrota skýrði uppruni aðeins 1% af dreifingu brotahegðunar.

Í sambærilegri rannsókn á finnskum ungmönnum könnuðu Salmi o.fl. (2015) hvort áhættusamur lífsstíll og skortur á foreldraeftirliti gætu skýrt tengsl innflytjendastöðu og afbrotahegðunar. Niðurstöðurnar bentu til þess að ungmenni af erlendum uppruna væru líklegri til að brjóta af sér, sem mætti að hluta til rekja til þess að þau eyða meiri tíma utan heimilis með vinum undir litlu eftirliti foreldra. Enginn munur fannst á viðhorfum til afbrota milli hópa.

Þá kannaði Van der Gaag (2019) hvort menningarleg fjarlægð skýrði tengsl innflytjendastöðu og afbrota meðal 12–16 ára ungmenna í fimm Evrópulöndum (Austurríki, Belgíu, Hollandi, Sviss og Þýskalandi). Í anda átakakenninga var gengið út frá því að togstreita milli innfæddra og innflytjenda frá ólíkum menningarheimum gæti aukið líkur á frávíkshæðun. Þvert á tilgátur rannsakanda reyndist brotatiðni hæst meðal ungmenna frá öðrum Vesturlöndum. Mikilvægasti skýringarþátturinn var bág félags- og efnahagsstaða fjölskyldunnar. Hvorki í rannsókn Salmi o.fl. (2015) né í rannsókn Van der Gaag (2019) var greint á milli fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda.

Killias og Lukash (2019) fóru óhefðbundna leið með því að bera saman ekki einungis innflytjendur og innfædda í Sviss, heldur einnig innflytjendur í Sviss af fyrrum Júgóslavneskum uppruna við jafnaldra í heimalöndunum (Serbíu, Bosníu-Hersegóvínu, Norður-Makedóníu og Kósovó). Rannsóknin leiddi í ljós að fyrsta kynslóð ungra innflytjenda í Sviss hafði hærri brotatiðni en bæði innfæddir Svisslendir og jafnaldrar þeirra í upprunalöndunum. Þar sem ungmenni í löndum fyrrum Júgóslavíu greindu frá mun lægri tíðni afbrota en þau sem höfðu flutt til Sviss drógu höfundar þá ályktun að menningarlegir þættir gætu ekki skýrt muninn. Niðurstöðurnar bentu þess í stað til þess að álagið sem fylgir flutningi og aðlögun að nýju samfélagi, þar á meðal skortur á félagslegum tengslum og erfiðar fjölskylduaðstæður, skýri líklega hærri tíðni afbrota meðal ungra innflytjenda.

Fræðilegur bakgrunnur tengsla innflytjendastöðu og afbrota

Þrátt fyrir að innflytjendur séu afar fjölbreyttur hópur er félags- og efnahagsstaða þeirra að jafnaði lakari en innfæddra í vestrænum ríkjum (OECD, 2023). Kannanir á Íslandi benda til að þetta eigi einnig við hér (Berglind Hólm Ragnarsdóttir o.fl., 2024; Eyrún M. Rúnarsdóttir, 2019; Hagstofa Íslands, 2019). Flest fólkk flytur á milli landa til að skapa sér og börnum sínum betra líf en kerfisbundnar hindranir, svo sem mismunur á vinnumarkaði, geta viðhaldið bágri stöðu fólks til lengri tíma (Devos o.fl., 2025; OECD, 2024).

Flutningur á milli landa felur þó ekki aðeins í sér mögulegar breytingar á fjárhagsstöðu, heldur einnig félagslegar og menningarlegar breytingar. Á nýjum stað mæta innflytjendur nýjum viðhorfum, væntingum og nýju fólki til að tengjast og bera sig saman við. Jafnvel þótt lífskjör batni getur nýtt umhverfi skapað aðstæður þar sem fólk upplifir sig jaðarsett. Fyrir ungmenni af erlendum uppruna sem bera sig saman við skólafélaga sem eiga efnaða foreldra getur samanburðurinn ýtt undir vanmáttartilfinningu og upplifað óréttlæti (Kam o.fl., 2010; Martinez, 2017).

Í þessu samhengi geta kenningar félagsfræðinnar veitt innsýn í möguleg tengsl innflytjendastöðu og frávíkshæðunar. Eins og Merton (1968) benti á hefur ójöfnuður ekki aðeins efnahagslegar afleiðingar heldur mótar hann einnig félagsleg samskipti og samanburð (sjá einnig Runciman, 1966). Í samfélagi sem leggur áherslu á jöfnuð getur skortur orðið merkingabær vísbending um veika félagslega stöðu og þannig aukið jaðarsetningu, til dæmis með því að draga úr þátttöku í samfélaginu. Sérstaklega er hætt við því að misskipting sem á rætur að rekja til þátta sem fólk hefur ekki stjórn á, eins og uppruna eða kynþáttar, ýti undir vonleysi og reiði, sem aftur eykur líkur á átökum, ofbeldi og afbrotum (Blau og Blau, 1982, bls. 126).

Rannsóknir benda til þess að eftir að ákveðnum grunnþörfum (s.s. húsaskjól og fæði) er mætt sé

skortur í samanburði við aðra mikilvægari en hlutlæg fátækt þegar kemur að áhrifum á félagslega hegðun ungmenna (sjá t.d. Pickett o.fl., 2025). Þegar ungt fólk tileinkar sér ríkjandi gildi um árangur, til dæmis að eiga eða gera það sem kostar peninga, en sér ekki raunhæfa möguleika til að ná árangri með hefðbundnum hætti eykst hættan á frávíkshægðun. Viðamikil íslensk rannsókn Jóns Gunnars Bernburg og samstarfsfélaga (2009) á unglíngum styður slíkar kenningar. Rannsóknin leiddi í ljós að fjárhagserfiðleikar fjölskyldna höfðu sterk tengsl við reiði, afbrot og ofbeldi ungs fólks í þeim skólahverfum þar sem fjárhagsvandi var sjaldgæfur, en veik tengsl í hverfum þar sem fjárhagserfiðleikar voru almennari.

Auk þess að upplifa hefðbundnar áskoranir sem unglingsárin fela í sér, þar sem mikill félagslegur og tilfinningalegur þroski á sér stað, þurfa ungir innflytjendur að aðlagast nýju umhverfi og menningu. Unglingar af annarri kynslóð hafa ekki reynslu af flutningunum sjálfum, en geta upplifað togstreitu á milli viðhorfa heima fyrir og í samfélaginu almennt (Berry og Hou, 2017). Rannsóknir á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum sýna að við þessar áskoranir bætist að ungir innflytjendur eru í aukinni hættu á að verða fyrir stríðni, einelti eða félagslegri útilokun (Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2013; Litvak o.fl., 2023; Stevens o.fl., 2020). Innflytjendur verða auk þess frekar fyrir fordómum, mismunum og stundum alvarlegri þolendareynslu (Ellonen o.fl., 2021; Wilson-Daily o.fl., 2018) en jafnaldrar þeirra.

Flest ungmenni upplifa álag eða mótlæti á lífsleiðinni og bregðast við á uppbyggilegan hátt (Turner og Butler, 2003). Samkvæmt álagskenningu (e. *general strain theory*) Agnews (1992) eykst hættan á að neikvæðir atburðir í lífi ungmenna leiði til frávíkshægðunar þegar reynslan er alvarleg, endurtekin og upplifuð sem ósanngjörn. Þetta á sérstaklega við þegar álagið felur í sér félagslega höfnun og þegar ungmennin hafa takmarkaða möguleika eða færni til að takast á við aðstæður með heilbrigðum hætti (Agnew, 2006, 2013). Ungmenni sem standa höllum fæti, til dæmis vegna veikra tengsla við samfélagið, eru samkvæmt kenningunni í meiri hættu á að bregðast við álagi með afbrotum og ofbeldi.

Fjöldi íslenskra og erlendra rannsókna hefur stutt kenninguna með því að sýna að alvarlegir neikvæðir atburðir í lífi ungs fólk auka vanlíðan og reiði, sem aftur tengist meiri líkum á brotahegðun (Froggio, 2007; Sigfusdóttir o.fl., 2012; Sigfusdóttir og Silver, 2009). Hins vegar skortir enn rannsóknir sem kanna sérstaklega hvort tengslum á milli innflytjendastöðu og afbrota sé miðlað í gegnum neikvæða álagspætti. Það er takmörkun, því samkvæmt kenningunni ættu ungir innflytjendur að vera í sérstökum áhættuhópi þar sem þeir verða oftast fyrir neikvæðri reynslu sem talin er vera lykilþáttur í þróun brotahegðunar.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna hvort fyrsta og önnur kynslóð 13 til 17 ára unglínga á höfuðborgarsvæðinu séu líklegri til að brjóta af sér en jafnaldrar þeirra sem ekki hafa erlendan bakgrunn (Sp. 1). Í samræmi við álagskenningu Agnew er einnig skoðað hvort ungir innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu búi við meira álag en aðrir jafnaldrar (Sp. 2). Hér eru skoðaðir þrjár álagstengdir þættir: 1) upplifuð mismunum, þ.e. hvort ungir innflytjendur upplifi að þeir tilheyri hópi sem er beittur óréttlæti í íslensku samfélagi, 2) slæm fjárhagsstaða foreldra í samanburði við aðrar fjölskyldur (afstæður skortur/ e. *relative family deprivation*) og 3) þolendareynsla ungmenna (að hafa verið beitt ofbeldi eða hótað ofbeldi). Að lokum verður kannað hvort aukið álag ungra innflytjenda skýri (a.m.k. að hluta til) tengsl á milli innflytjendastöðu og frávíkshægðunar (Sp. 3). Ef innflytjendur eru líklegri til að brjóta af sér en ungmenni með íslenskan bakgrunn, er það vegna þess að þeir hafa meiri reynslu af álagstengdum þáttum sem ýta undir brotahegðun?

Aðferðafræði

Gögn

Gagnaöflun var hluti af stærra fjölpjóðlegu rannsóknarverkefni: Öryggi og líðan ungs fólks/ISRD (sjá isrdstudy.org). ISRD er samstarfsverkefni afbrotafræðinga í yfir 35 löndum víðsvegar um heiminn. Markmið verkefnisins er að lýsa og skýra reynslu ungs fólks af afbrotum og ofbeldi. Spurninga-

listi ISDR sem notaður var byggist á viðurkenndum mælingum sem hafa verið hannaðar í samræmi við bestu þekkingu á sviðinu. Spurningalistinn var þýddur úr ensku yfir á íslensku af þýðingarfyritæki í samráði við rannsakanda. Áður en gagnaöflun hófst var gerð forkönnun meðal nokkurra ungmenna á aldrinum 13 til 17 ára til að tryggja að spurningarnar væru skiljanlegar og viðeigandi fyrir þennan aldurshóp. Þátttakendum gafst kostur á að svara spurningalistanum á íslensku eða ensku.

Allir nemendur í 8. til 10. bekk grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu voru í þýði rannsóknarinnar. Bekkir voru valdir af handahófi úr lista frá Menntamálastofnun yfir alla nemendur í öllum skólum á svæðinu. Endanlegt úrtak var 3.600 nemendur en 3.036 svöruðu og var svarhlutfallið því 82%.

Félagsvísindastofnun annaðist gagnaöflunina í samstarfi við rannsakanda og fór hún fram frá október 2022 til febrúar 2023. Nemendur svöruðu spurningalistanum rafrænt (á spjaldtölvum) í kennslustofu á skólatíma. Í upphafi könnunarinnar var áréttað að þátttaka væri valfrjáls, að ekki væri hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda og að mikilvægt væri að svara spurningunum heiðarlega og eftir bestu getu. Áður en gagnaöflun hófst hafði rannsakandi aflað leyfa frá viðkomandi sveitarfélögum og skólastjórnendum, og þöguls samþykkis frá foreldrum (e. *passive consent*). Rannsóknin fékk jafnframt umsögn Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir, sem gerði engar athugasemdir við framkvæmd hennar.

Mælingar

Fylgibreytur:

Áður en nemendurnir svöruðu spurningum um brotahegðun birtist eftirfarandi formáli: „Unglingar gera stundum hluti sem eru bannaðir, t.d. að skemma eða stela eigum annarra. Sum lemja og meiða aðra viljandi (þá er ekki verið að meina þegar fólk er að leika sér). Á þetta við um þig?“ Spurningarnar sem mæla afbrot, ofbeldi og vopnaburð eru birtar í Töflu 1. Þannig voru átta spurningar notaðar til að mæla afbrot, fjórar til að mæla ofbeldi en ein spurning til að mæla vopnaburð.

Spurningarnar höfðu tvo svarmöguleika: „nei“ og „já“. Þau sem svöruðu játandi voru spurð hversu oft þau hefðu gert þetta á síðustu 12 mánuðum. Í rannsókninni er eingöngu einblínt á hegðun síðustu 12 mánaða til að reyna að tryggja rétta tímaröð, þ.e. að hegðun sem er verið að skýra (brotahegðun) hafi ekki átt sér stað á undan reynslunni sem á að skýra hana (álagstengdir þættir). Fá ungmenni höfðu brotið af sér á síðustu 12 mánuðum og því voru samsettar mælingar sem byggjast á fjölda brota í hverjum brotaflokki allar með verulega jákvætt skekkta dreifingu. Farin var sú leið að búa til þrjár tvíkösta fylgibreytur þar sem „1“ merkir að þau hafi brotið af sér a.m.k. einu sinni á einhvern hátt sem spurt var um (sjá Töflu 1).

Frumbreytur:

Innflytjendastaða er skilgreind í samræmi við fyrri rannsóknir (t.d. Delaruelle o.fl., 2021), þ.e. að þátttakendur sem svöruðu að þeir sjálfir og að minnsta kosti annað foreldri hefðu fæðst utan Íslands voru skilgreindir sem fyrsta kynslóð innflytjenda. Önnur kynslóð eru þau sem fædd eru á Íslandi en eiga annað hvort annað eða báða foreldra sem fæddust í öðru landi. Börn sem eiga báða foreldra sem fæddust á Íslandi eru flokkuð sem ungmenni með engan erlendan bakgrunn óháð því hvar þau sjálf fæddust. Almenn þykir ekki rökrétt að skilgreina börn tveggja íslenskra foreldra sem fæðast erlendis, til dæmis á meðan foreldrar þeirra eru í námi, sem innflytjendur.

Um 7,4% (n = 224) af úrtakinu eru flokkuð sem fyrsta kynslóð, 14,3% (n = 433) sem önnur kynslóð, og því 78,4% (n = 2.379) sem börn með engan erlendan bakgrunn. Hlutfall fyrstu kynslóðar barna í úrtakinu endurspeglar hlutfall þeirra í þýði barna á þessum aldri, en hlutfall annarrar kynslóðar ungmenna er aðeins hærra í úrtakinu (Hagstofa Íslands, 2024). Fyrir aðhvarfsgreininguna í Töflu 3 voru búnar til vísibreytur fyrir fyrstu og aðra kynslóð innflytjenda en börn án erlends bakgrunns höfð sem samanburðarhópur (e. *comparison group*).

Til að mæla upplifaða mismunun var reiknað meðaltalið af fjórum spurningum á 5 punkta Likert-

kvarða: 1) Mér finnst að hópurnir sem ég tilheyri hafi það verra en annað fólk í þessu landi, 2) Ég verð reið(ur) þegar ég hugsa um hvernig komið er fram við hópinn minn í samanburði við aðra hópa í þessu landi, 3) Hópurinn sem ég tilheyri verður fyrir mismunun, 4) Þegar ég ber hópinn sem ég tilheyri saman við aðra hópa þessa lands finnst mér vera komið fram við okkur af óréttlæti. Svarmöguleikar voru frá 1 „mjög ósammála“ til 5 „mjög sammála“. Cronbach's $\alpha = 0,91$. Slæm fjárhagsstaða foreldra er mæld með spurningunni „Hversu vel stæð er fjölskyldan þín/heimilið samanborið við aðrar fjölskyldur/heimili á Íslandi?“ Svarmöguleikar voru á 7 punkta kvarða frá 1 „mjög vel stæð“ til 7 „mjög illa stæð“.

Fimm spurningar voru notaðar til að mæla þolendareynslu. Spurt var: 1) Hefur þér verið hótad á samfélagsmiðlum?, 2) Hefur einhver birt, dreift eða sent í skilaboðum viðkvæmt myndefni af þér sem þú vildir ekki að aðrir myndu sjá (s.s. nektarmynd)?, 3) Hefur einhver beitt vopni, ofbeldi eða hótun um ofbeldi til að hafa af þér peninga eða hluti?, 4) Hefur einhver lamið þig það illa eða meitt með spýtu, kylfu, hnífi eða byssu að þú hafir hlotið meiðsl af?, 5) Hefur einhver hótad þér ofbeldi eða beitt þig ofbeldi vegna kynþáttar þíns, uppruna eða þjóðernis, trúar, kynvitundar, kynhneigðar eða annarra svipaðra ástæðna? Breytan var búin til með því að leggja saman fjölda tegunda ofbeldis sem svarendur höfðu orðið fyrir um ævina. Um 76% af úrtakinu hafa ekki orðið fyrir ofbeldi (af þessu tagi) yfir ævina, en 15% einni tegund og um 9,5% a.m.k. tveimur tegundum af ofbeldi.

Aðrar breytur/stjórnbreytur (e. controls):

Í niðurstöðukafla er einnig stjórnað fyrir megingegundum félagslegs taumhalds ungs fólks (t.d. Hirschi, 1969). Þessar breytur byggja á fjölda rannsókna á frávíkshæðun ungmenna og eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem skoða brotahegðun eftir innflytjendastöðu (t.d. Salmi, o.fl. 2015).

Tengsl við foreldra er meðalgildið af þremur eftirfarandi spurningum: 1) Mér semur vel við föður minn (stjúpföður), 2) Mér semur vel við móður mína (stjúpmóður), og 3) Ég á auðvelt með að fá tilfinningalegan stuðning frá foreldrum mínum. Áður en þátttakendur svöruðu spurningunni fengu þeir fyrirhætt: „Ef þú átt, svo dæmi sé tekið, bæði stjúpföður og líffræðilegan föður skaltu byggja svarið á þeim föður sem hefur gegnt stærra hlutverki í uppeldi þínu.“ Svarmöguleikar voru frá 1 (aldrei) til 5 (alltaf), ($\alpha = 0,71$).

Með sama svarkvarða voru þátttakendur beðnir um að segja til um hversu vel eða illa eftirfarandi fullyrðingar ættu við um þá: Fullorðinn einstaklingur á heimili mínu veit ... 1) hvar ég er þegar ég fer út, 2) hvað ég er að gera þegar ég fer út, 3) með hvaða vinum ég er þegar ég fer út, 4) hvað ég geri á internetinu. Meðalgildið af þessum fjórum atriðum var notað sem mæling á eftirliti foreldra ($\alpha = 0,77$).

Tími með foreldrum er mældur með einni spurningu „Með hverjum eyðirðu MESTU af frítíma þínum?“ Svarmöguleikar voru 1) Er mest ein(n), 2) Með fjölskyldunni, 3) Með litlum hópi vina/vinkvenna (1–3 vinir), og 4) Með stórum hópi vina (4 eða fleiri). Í niðurstöðum er breytan tvíkosta þar sem þau sem eyða mestum tíma með fjölskyldunni fengu gildið „1“, en öll önnur „0“.

Tengsl við skólann er meðalgildið af þremur spurningum: 1) Ef ég þyrfti að flytja myndi ég sakna skólans míns, 2) Flesta morgna mæti ég glaður/glöð í skólann, og 3) Kennslustundirnar okkar eru áhugaverðar. Svarmöguleikar voru þeir sömu og hér að ofan, $\alpha = 0,72$. Svarendur voru beðnir um að tilgreina hvort þeir tilheyrðu vinnahópi sem hefði verið til staðar í a.m.k. 1 ár. Breytan sem mælir tengsl við vini er því tvíkosta þar sem þau sem ekki tilheyrta vinnahópi fengu gildið „0“ en önnur gildið „1“.

Neikvæð viðhorf til brotahegðunar voru mæld með átta spurningum þar sem þátttakendur voru spurdir: „Hversu rangt finnst þér að einhver á þínum aldri geri eitthvað af eftirfarandi?“ Atriðin spönnuðu allt frá vægari brotum, „ljúga, óhlýðnast eða rífast við fullorðna á borð við foreldra eða kennara“, til alvarlegri hegðunar, „nota vopn eða beita ofbeldi til að ná í peninga eða hluti frá öðrum“. Þrátt fyrir að alvarleiki atriðanna væri mismikill reyndist innri áreiðanleiki kvarðans hár ($\alpha = 0,86$), og því var reiknað meðaltal allra átta atriða. Svarmöguleikar voru á fjögurra punkta kvarða frá 1 (alls ekkert rangt) til 4 (mjög rangt).

Í aðhvarfsgreiningarjöfnum er auk þess stjórnað fyrir kyni og hvort nemendur eru í grunn- eða framhaldsskóla¹. Þátttakendur svöruðu sjálfir til um kyn. Auk „kvenkyns“ og „karlkyns“ gátu þeir valið „kynsegin“. Búnar voru til tvær vísibreytur, önnur fyrir stráka og hin fyrir kynsegin ungmenni, stelpur fengu gildið „0“ á báðum breytum og eru því samanburðarhópur. Í þessu úrtaki eru 69 ungmenni sem skilgreindu sig sem kynsegin (2.3%).

Tölfræðileg greining

Í Töflu 1 eru birt hrá prósentuhlutföll (e. *unadjusted percentages*) frávíkshæðunar eftir innflytjendastöðu. Kíkvaðrat-próf (e. *Chi-squared test*) var notað til að kanna hvort munur á milli hópa væri tölfræðilega marktækur fyrir hvert atriði. Lýsandi tölfræði allra frumbreyta er birt í Töflu 2, ásamt mun á milli hópa. Á talnabreytum eru birt meðaltöl og var því dreifigreining (e. *One-Way Anova*) notuð til að kanna hvort munurinn væri tölfræðilega marktækur. Á tvíkosta breytum er birt hlutfall og notað kíkvaðrat-próf.

Niðurstöður í Töflu 3 byggjast á fjölstiga tvíkosta aðhvarfsgreiningu (e. *multi-level logistic regression*) með traustum staðalvillum (e. *robust standard errors*). Þessi aðferð gerir rannsakanda kleift að leiðrétta fyrir mögulegri fylgni á milli einstaklinga sem eru í sama bekk (Rabe-Hesketh og Skrondal, 2008). Fyrsta skrefið í þeirri greiningu var að keyra jöfnur með skurðpunkti eingöngu (e. *null model/intercept only model*) og reikna hlutfall af dreifni fylgibreytunnar sem skýrist af dreifingu milli bekkja (ICC). Niðurstöður sýndu að hlutfall af breytileika í afbrotahæðun (ICC = 0,04) og ofbeldi (ICC ≈ 0) er að mestu á milli nemenda. Fyrir vopnaburð sýna niðurstöður að um 15% af breytileikanum skýrast af bekkjaskiptingu (ICC = 0,15). Í Töflu 3 er greint frá áhættuhlutfallinu (e. *odds ratio*) og stuðlar sem eru tölfræðilega marktækir miðað við 90% öryggi feititleiðir. Niðurstöður sem byggjast á fjölstiga tvíkosta aðhvarfsgreiningu (e. *multi-level logistic regression*) með traustum staðalvillum gefa betra mat á óvissu en fæst með hefðbundinni tvíkosta aðhvarfsgreiningu, og því víðara öryggisbil.

Í rannsókninni er notað tilviljunarúrtak bekkja og því er forsendan um tilviljunarúrtak óháðra staka brotin. Með öðrum orðum eru nemendur í sama bekk „hólfaddir saman“ (e. *nested*) og eru því ekki óháðir hver öðrum. Í þessari rannsókn eru eingöngu könnuð tengsl á milli einstaklingsbundinna þátta og því ekki birtar upplýsingar um slembiáhrif í töflu (e. *random effects*).

Niðurstöður

Tafla 1 sýnir prósentuhlutfall þátttakenda sem greindu frá því að hafa 1) brotið af sér, 2) beitt ofbeldi, eða 3) borið vopn á síðustu 12 mánuðum. Eins og kemur fram í töflunni er algengast að ungmenni á þessum aldri hafi stolið úr verslun (12,7%) en sjaldgæft að þau hafi beitt ofbeldi eða hótun um slíkt til að ræna einhvern (0,3%). Þrátt fyrir að það sé munur eftir innflytjendastöðu á hlutfalli ungs fólks sem segist hafa brotið af sér er sá munur eingöngu tölfræðilega marktækur þegar litið er til þjófnáðar, þar sem hæsta hlutfallið er á meðal annarrar kynslóðar innflytjenda (15%) en lægsta hlutfallið meðal fyrstu kynslóðar innflytjenda (7,2%) ($p < 0.05$). Með 90% öryggi er munur á vopnaburði eftir innflytjendastöðu. Um 6,6% ungmenna af fyrstu kynslóð sögðust hafa borið vopn á síðustu 12 mánuðum og 4,7% af unglíngum af annarri kynslóð, samanborið við 3,4% þeirra sem ekki hafa erlendan bakgrunn. Mikilvægt er að áréttu að rannsóknin byggist ekki á þýði allra ungmenna og því ekki hægt að draga ályktanir af mun á milli hópa nema sá munur sé tölfræðilega marktækur.

Líkt og í Töflu 1 eru niðurstöður í Töflu 2 sýndar fyrir allt úrtakið og sundurgreindar eftir innflytjendastöðu. Marktækur munur fannst á öllum álagsbreytum. Á kvarðanum 1–5 var meðaltal upplifaðrar mismununar 2,13 (staðalfrávik = 1,0), en marktækt hæst meðal ungmenna af annarri kynslóð innflytjenda (2,45), samanborið við 2,05 hjá ungmönnum án erlends bakgrunns. Eftir-á-próf (e. *post*

1 Í fyrri greiningum var ekki munur á brotahegðun ungmenna í 8., 9. og 10. bekk og því var til einföldunar ákveðið að hafa þessa skiptingu.

hoc test) leiddi í ljós að munurinn milli fyrstu og annarrar kynslóðar var ekki tölfræðilega marktækur ($p > 0,10$). Marktækur munur kom einnig fram í bæði fátækt (sbr. slæma fjárhagstöðu fjölskyldu í samburði við aðrar fjölskyldur) og þolendareynslu, sem reyndist mest meðal ungmenna af fyrstu kynslóð innflytjenda. Tafla 2 sýnir jafnframt að breytileikinn á þessum tveimur breytum var heldur meiri innan hóps fyrstu kynslóðar en hinna tveggja hópanna, eins og sjá má af hærri staðalfrávikum. Þessi niðurstaða bendir til þess að hópurinn sé fjölbreyttur þótt staða fyrstu kynslóðar innflytjenda sé almennt lakari en annarra ungmenna.

Tafla 1. Lýsandi dreifing á mælingum á afbrotum, ofbeldi og vopnaburði á síðustu 12 mánuðum fyrir allt úrtakið og skipt upp eftir innflytjendastöðu

Hefur þú einhvern tímann... (á síðustu 12 mánuðum)	Öll ung- menni	1. kynslóð	2. kynslóð	Enginn er- lendur bakgr.
Afbrot				
1. krotað eða sprejjað á vegg eða strætisvagn án leyfis?	6.4%	6.0%	8.5%	6.1%
2. skemmt eitthvað viljandi, til dæmis strætóskýli, glugga, bíl eða sæti í strætisvagni?	4.8%	3.0%	5.7%	4.8%
3. stolið einhverju úr verslun eða búð? ($P = 0.03$)	12.7%	7.2%	15.0%	12.7%
4. brotist inn í hús eða aðra byggingu til að stela einhverju?	0.6%	0.5%	0.2%	0.7%
5. stolið mótörhjól eða bíl?	0.4%	0.0%	0.5%	0.4%
6. selt fikniefni eða hjálpað einhverjum að selja fikniefni?	1.3%	0.0%	1.0%	1.5%
7. notað internetið, t.d. tölvupóst eða samfélagsmiðla, til að blekkja eða gabba aðra (t.d. með sölu verðlausra eða ólöglegra hluta) til að græða peninga?	1.0%	1.5%	1.0%	1.0%
8. hakkað þig eða brotist inn á einkareikning eða tölvur til að stela gögnum, ná stjórn á reikningi eða eyðileggja gögn?	0.5%	0.5%	0.2%	0.5%
Ofbeldi				
1. tekið þátt í hópslagsmálum?	1.7%	2.0%	2.9%	1.5%
2. notað vopn, ofbeldi eða hótað ofbeldi til að hafa af einhverjum peninga eða hluti?	0.3%	1.0%	0.5%	0.3%
3. lamið einhvern eða meitt einhvern með spýtu, kylfu, hnífi eða byssu þannig að viðkomandi hlaut meiðsli af?	1.5%	1.0%	2.2%	1.4%
4. deilt viðkvæmu myndefni á netinu af einhverjum sem vildi ekki að aðrir myndu sjá (s.s. nektarmynd)?	1.0%	2.0%	1.7%	0.8%
Vopnaburður				
1. borið vopn, eins og spýtu, kylfu, hníf, eða byssu til að geta varið þig eða til að ráðast á aðra? ($P = 0.051$)	3.8%	6.6%	4.7%	3.4%

Kíkvaðrat-próf (e. *Chi-squared test*) var notað til að kanna hvort munur á milli hópa væri tölfræðilega marktækur fyrir hvert atriði. $P < 0.10$ birt í töflu

Tengsl við foreldra og eftirlit foreldra var tölfræðilega marktækt meira meðal innfæddra ungmenna en meðal hinna hópanna. Enginn marktækur munur fannst hins vegar í þeim tíma sem varið er með foreldrum, $\chi^2(2) = 1,59$, $p = 0,45$. Ekki var marktækur munur á tengslum við skólann eftir innflytjendastöðu, $F(2, 3.028) = 1,50$, $p = 0,22$. Hlutfall ungmenna af annarri kynslóð sem tilheyra vinnahópi var sambærilegt við innfædd ungmenni, en marktækt lægra meðal ungmenna af fyrstu kynslóð (48% miðað við 62% hjá hinum hópunum). Ekki var munur á viðhorfum til afbrota og ofbeldis eftir innflytjendastöðu $F(2, 2969) = 1,97$, $p = 0,14$.

Í fyrstu þremur jöfnum í Töflu 3 var kannað hvort innflytjendastaða tengdist hærri tíðni afbrota, ofbeldis og vopnaburðar að teknu tilliti til kyns og aldurs eingöngu (sbr. hvort nemendur eru í grunn- eða framhaldsskóla). Jafna 1 sýnir að það var ekki marktækur munur á afbrotum eftir innflytjendastöðu, og heildarmódelið var ekki marktækt. Í jöfnu 2 má sjá að önnur kynslóð innflytjenda var tæp-

lega tvisvar sinnum líklegri til að hafa beitt ofbeldi á síðustu 12 mánuðum en ungmenni án erlends bakgrunns. Munurinn er marktækur sé miðað við 90% öryggi (OR = 1.80, $p < 0,10$). Munurinn á fyrstu kynslóð og þeim sem ekki hafa erlendan bakgrunn var hins vegar ekki tölfræðilega marktækur. Í sömu jöfnu kemur fram að strákar voru um tvisvar sinnum líklegri en stelpur til að hafa beitt ofbeldi (OR = 1.98, $p < 0,01$).

Í þessu úrtaki var vopnaburður aðeins algengari hjá fyrstu (OR = 1,68) og annarri kynslóð (OR = 1,23) en hjá ungmennum án erlends bakgrunns. Sá munur var þó ekki tölfræðilega marktækur. Strákar og kynsegin krakkar voru marktækt líklegri til að hafa borið vopn á síðustu 12 mánuðum en stelpur, en ungt fólk í framhaldsskóla marktækt ólíklegra en ungmenni í grunnskóla til að hafa gert slíkt (OR = 0,46, $p < 0,01$).

Í jöfnu 4, 5 og 6 hefur verið bætt við mælingum á álagstengdum þáttum í greininguna. Módelin gera okkur annars vegar kleift að meta hvort innflytjendastaða tengist frávikshegðun óháð eða vegna aukins álags og hins vegar hvort mælingar á álagi skýri breytileika í frávikshegðun². Í jöfnu 4 kemur fram að þegar tekið er tillit til álagstengdra þátta voru ungmenni af fyrstu kynslóð með um 37% minni líkur á að hafa framið afbrot miðað við innfædd ungmenni (OR = 0.63, $p < 0.05$). Hins vegar greindist ekki marktækur munur milli þessara tveggja hópa þegar litið var til ofbeldis og vopnaburðar. Jafna 5 sýnir að líkindahlutfall fyrir ofbeldi annarrar kynslóðar innflytjenda í samanburði við þau sem ekki hafa erlendan bakgrunn hefur lækkað (úr OR = 1.80+ í jöfnu 2 í OR = 1.24 í jöfnu 4) og er ekki lengur tölfræðilega marktækt.

Tafla 2. Lýsandi tölfræði frumbreyta

		Allir þátttakendur				1. kynslóð		2. kynslóð		Enginn erlendur bakgrunnur		Prófgildi	P-gildi
		M	St.fr.	Min	Max	M	St.fr.	M	St.fr.	M	St.fr.		
Álag	Upplifuð mismunun	2.13	1.00	1	5	2.41	0.98	2.45	1.02	2.05	0.99	F = 35.51	P < 0.01
	Slæm fjárhagsstaða fjölskyldu*	2.75	1.28	1	7	3.06	1.36	2.85	1.26	2.70	1.28	F = 9.28	P < 0.01
	Polendareynsla	0.65	1.07	0	6	0.78	1.25	0.73	1.20	0.62	1.03	F = 3.54	P < 0.05
Félagslegt taumhald	Tengsl við foreldra	4.09	1.10	1	5	3.58	1.31	3.92	1.13	4.17	1.05	F = 36.28	P < 0.01
	Eftirlit foreldra	4.02	0.80	1	5	3.85	0.91	3.92	0.81	4.06	0.78	F = 10.92	P < 0.01
	Tími með foreldrum (0-1)	0.22	0.42	0	1	0.25	0.43	0.20	0.40	0.23	0.42	$\chi^2 = 1.59$	P = 0.45
	Tengsl við skólann	3.44	0.80	1	5	3.35	0.81	3.46	0.78	3.45	0.81	F = 1.50	P = 0.22
	Tengsl við vini (0-1)	0.61	0.49	0	1	0.48	0.50	0.62	0.49	0.62	0.49	$\chi^2 = 14.97$	P < 0.01
	Neikvætt viðhorf til afbrota og ofbeldis	3.46	0.47	1	4	3.43	0.53	3.43	0.45	3.47	0.46	F = 1.97	P = 0.14

M = Meðaltal, St.fr. = Staðalfrávik, Min = Lægsta gildi, Max = Hæsta gildi

Þegar munur á milli hópanna þriggja er tölfræðilega marktækur er gildið fyrir hópinn með hæsta gildi á mælingunni feitletrað

*Afstæður skortur fjölskyldunnar (e. *relative family deprivation*)

2 Reynt var að framkvæma formlega miðlunargreiningu með bootstrap-aðferð til að meta óbein áhrif innflytjendastöðu á frávikshegðun í gegnum álagstengda þætti, en greiningin reyndist óframkvæmanleg vegna takmarkaðrar dreifingar á fylgibreytunni og lítilla hópastærða. Því er hér beitt óformlegri nálgun þar sem stuðlar fyrir innflytjendastöðu voru bornir saman í líkani með og án miðlunarbreyta.

Polendareynsla, mæld sem fjöldi tegunda brota sem ungmenni höfðu orðið fyrir um ævina (frá engu broti til sex brota), hafði marktæk tengsl við allar þrjár tegundir frávikshegðunar. Fyrir hverja viðbót í tegund brota jukust líkur á að hafa framið afbrot (OR = 1.68, $p < .01$), beitt ofbeldi (OR = 2.21, $p < .001$) og borið vopn (OR = 2.02, $p < .01$). Þetta merkir að hver aukategund polendareynslu tengdist 68% til 202% aukningu í líkum á slíkri hegðun, jafnvel þegar stjórnað var fyrir öðrum þáttum í jöfnunum (4, 5 og 6 í Töflu 3).

Hvorki upplifuð mismunun né slæm fjárhagsstaða foreldra hafði marktæk tengsl við afbrot né ofbeldi, en báðir þessir þættir höfðu töluverð tengsl við vopnaburð (upplifuð mismunun OR = 1.24**, fátækt OR = 1.26*). Niðurstöður í jöfnu 4 sýndu að kynsegin börn voru um þrisvar sinnum líklegri en stelpur til að hafa borið vopn, en munurinn á milli þessara tveggja hópa var ekki lengur marktækur þegar stjórnað var fyrir áhrifum álagstengdra þátta.

Í jöfnum 6, 7 og 8 kom í ljós að tengsl við foreldra draga marktækt úr ofbeldishegðun ungmenna (OR = 0,81, $p < 0,05$) en hafa ekki marktæk tengsl við afbrot eða vopnaburð. Hins vegar draga eftirlit foreldra og tími með foreldrum marktækt úr líkum á bæði afbrotum og vopnaburði. Tengsl við skólann og tengsl við vini hafa hins vegar ekki tölfræðilega marktæk áhrif á frávikshegðun. Neikvæð viðhorf til afbrota og ofbeldis höfðu marktæk neikvæð tengsl við allar tegundir frávikshegðunar.

Tafla 3. Fjölstiga tvíkosta aðhvarfsgreining á frávikshegðun ungs fólks (e. *multi-level logistic regression*)

		Afbrot	Ofbeldi	Vopnaburður	Afbrot	Ofbeldi	Vopnaburður	Afbrot	Ofbeldi	Vopnaburður
		Jafna 1	Jafna 2	Jafna 3	Jafna 4	Jafna 5	Jafna 6	Jafna 7	Jafna 8	Jafna 9
		Exp(b)	Exp(b)	Exp(b)	Exp(b)	Exp(b)	Exp(b)	Exp(b)	Exp(b)	Exp(b)
Bakgrunnur	1. kynslóð	0.74	1.58	1.68	0.63*	1.33	1.40	0.58*	1.38	1.09
	2. kynslóð	1.17	1.80+	1.23	1.07	1.24	0.80	1.02	1.27	0.84
	Enginn erlendur bakgrunnur (ref.)	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Álag	Upplifuð mismunun				1.07	1.14	1.24**	1.00	1.10	1.12
	Slæm fjárhagsstaða foreldra				1.04	0.94	1.26*	0.99	0.87	1.20+
	Polendareynsla				1.68**	2.21**	2.02**	1.48**	1.99**	1.79**
Félagslegt taumhald	Tengsl við foreldra							0.97	0.81*	0.91
	Eftirlit foreldra							0.57**	0.79	0.64**
	Tími með foreldrum (0-1)							0.68*	0.40	0.35*
	Tengsl við skólann							0.95	1.20	0.92
	Tengsl við vini (0-1)							0.92	0.76	0.86
	Neikvæð viðhorf til afbrota og ofbeldis							0.76*	0.68*	0.69+
Kyn og aldur	Stelpur (ref.)	1	1	1	1	1	1	1	1	1
	Strákar	1.03	1.98*	1.66*	1.13	2.15*	1.83*	0.85	2.08*	1.47
	Kynsegin	1.06	1.93	3.23*	0.69	0.83	1.67	0.61	0.43	1.75
	1. ár í framhaldsskóla	1.06	0.93	0.46**	1.04	1.16	0.38**	1.00	1.12	0.40**
Wald Chi sq	3.72	11.91*	15.85**	124.31**	120.36**	151.28**	206.69**	176.70**	177.37**	
N	2923	2916	2906	2800	2796	2720	2690	2686	2612	

** $p < 0.01$, * $p < 0.05$, + $p < 0.10$

Módel: Random intercept, robust standard errors

Umræðukafli

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort ungmenni með erlendan bakgrunn á höfuðborgar-svæðinu upplifi meira álag en önnur ungmenni, sem leiðir til aukinnar frávíkshæðunar. Með öðrum orðum; hvort fyrsta og önnur kynslóð ungmenna brjóti meira af sér en innfædd ungmenni vegna þess að þær hafi meiri reynslu af alvarlegum neikvæðum atburðum sem ýta undir brotahegðun. Fyrri rannsóknir hafa verið gagnrýndar fyrir að skorta fræðilegt samhengi og þar með að horfa fram hjá skýringum sem snúa að tengslum innflytjendastöðu og afbrota (Svensson og Shannon, 2021).

Niðurstöður hér sýna að bæði fyrsta og önnur kynslóð ungra innflytjenda eru líklegri en önnur ungmenni til að upplifa mismunun og að búa við slæma fjárhagsstöðu heimilis í samanburði við önnur heimili (e. *relative family deprivation*). Þær hafa auk þess orðið fyrir meiri þolendareynslu en börn sem ekki hafa erlendan bakgrunn. Í rannsókninni kom ekki fram munur á þessum álagstengdu þáttum á milli fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda. Staða barna sem eru fædd hér á landi en hafa erlendan bakgrunn (önnur kynslóð) er þannig svipuð og barna sem hafa flutt til Íslands með erlendum foreldrum sínum (fyrsta kynslóð).

Þessi rannsóknin styður ekki þá tilgátu að upplifuð mismunun og slæm fjárhagsstaða foreldra ýti undir afbrot og ofbeldi, en þessir álagspættir tengjast auknum líkum á vopnaburði. Í samræmi við álagsskenningar (Agnew, 1992) eykur þolendareynsla líkur á frávíkshæðun ungs fólks, sérstaklega ofbeldishegðun. Niðurstöðurnar benda til þess að einn mikilvægasti áhættuþáttur í að beita ofbeldi sé að hafa orðið fyrir því. Í rannsókninni var notuð mæling á þolendareynslu sem nær yfir hótanir á samfélagsmiðlum, stafrænt ofbeldi, að þeim hafi verið hótad eða þau beitt ofbeldi vegna minnihlutastöðu sinnar, og að þau hafi verið rænd eða þau beitt líkamlegu ofbeldi.

Þolendareynsla getur leitt til skaðlegrar hegðunar ungs fólks vegna þeirra neikvæðu tilfinninga sem hún dregur fram, einkum reiði og vonleysi. Samkvæmt lífsstílskenningum (e. *lifestyle/routine activities theories*) eru þolendur og gerendur þó gjarnan sami hópurinn, einfaldlega vegna þess að sömu áhættuþættir auka líkur á hvoru tveggja (Hindelang o.fl., 1978). Ungt fólk sem eyðir miklum eftirlitslausum frítíma með jafnöldrum sínum er til dæmis líklegra til að komast í aðstæður þar sem það verður annað hvort þolandi eða gerandi afbrota. Önnur möguleg skýring er að þolendareynsla leiði til frávíkshæðunar vegna félagsmótunar; að ungt fólk læri til dæmis að ofbeldi sé eðlilegt viðbragð við ágreiningi (Osgood, 2023).

Niðurstöður í þessari rannsókn sýna þó að óháð öðrum áhættuþáttum (félagslegu taumhaldi og félagsmótun) hefur þolendareynsla töluverð tengsl við auknar líkur á allri tegund frávíkshæðunar ungs fólks. Með öðrum orðum kom fram í rannsókninni að beint og óbeint eftirlit foreldra dregur úr afbrotum og vopnaburði ungmenna og að tengsl við foreldra draga úr ofbeldishegðun, en þessir þættir eru ekki meginskýringin á tengslum á milli þolenda- og gerendareynslu. Það sama má segja um viðhorf unga fólksins til afbrota og ofbeldis, sem gögnin benda til að séu svipuð á milli hópa. Neikvæð viðhorf til afbrota og ofbeldis draga úr líkum á frávíkshæðun, en eru samt að jafnaði neikvæð hjá flestu ungu fólki.

Styrkleikar rannsóknarinnar eru meðal annars stórt tilviljunarúrtak, viðeigandi mælingar og traust kenningarlegt samhengi. Þó ber að huga að takmörkunum hennar í túlkun niðurstaðna. Rannsóknir sem byggja á kannanagögnum, þar sem börn veita upplýsingar um eigin hegðun, eru lausar við skekkju sem oft fylgir opinberum gögnum, en gæti vantað hópinn sem brýtur einna mest af sér (Klement, 2020). Eins og með aðrar þversniðsrannsóknir (e. *cross-sectional studies*) er ekki hægt að fullyrða að þau sambönd sem birtast í niðurstöðukafla séu orsakasambönd. Þetta á sérstaklega við þegar túlka á tengsl þolenda- og gerendareynslu. Til að orsakaskýring sé trúverðug þarf þolendareynsla að eiga sér stað á undan viðbragðinu (frávíkshæðun). Reynt var að tryggja rétta tímaröð með því að spyrja unga fólkið um þolendareynslu yfir ævina, en nota mælingu á frávíkshæðun sem eingöngu náði yfir síðustu 12 mánuði (áður en könnun var lögð fyrir).

Rannsóknin einblíndi aðeins á einstaklingsbundna skýringarþætti, en mikilvægt er að rannsakendur kanni einnig áhrif breyta á bekkjar-, skóla- eða hverfastigi. Fyrri íslenskar rannsóknir benda

til þess að félagslegar aðstæður og tengslanet foreldra í skólahverfum hafi áhrif á hegðun ungs fólks (Margrét Valdímarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2015; 2017). Samkvæmt kenningum í félags- og afbrotufræði (Putnam, 2007; Shaw og McKay, 1942) getur ör breyting og fjölbreytni í íbúasamsetningu hverfa fyrst um sinn dregið úr félagslegri samheldni foreldra, sem aftur dregur úr taumhaldi gagnvart frávíkshæðun ungmenna. Á móti hefur verið bent á að fjölbreytni geti einnig stuðlað að aukinni virkni, þátttöku og samheldni í nærsamfélaginu til lengri tíma (e. *revitalization theory*) (Lee o.fl., 2001). Mikilvægt er að framtíðarrannsóknir skoði þessa þætti nánar í íslensku samhengi.

Að lokum benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að ungmenni af fyrstu kynslóð innflytjenda séu hvorki líklegri til að brjóta af sér né beita ofbeldi en jafnaldrar þeirra án erlends bakgrunns, og í raun síður líkleg til að brjóta af sér þegar tekið er tillit til álagstengdra þátta. Hlutfallslega fleiri þeirra greindu frá vopnaburði, en sá munur var ekki marktækur þegar stjórnað var fyrir kyni og aldri. Önnur kynslóð innflytjenda virðist hins vegar líklegri til að beita ofbeldi, sem er samband sem að hluta má rekja til meiri þolendareynslu þessa hóps. Þolendareynsla er raunar lykilatríði í að skýra frávíkshæðun ungs fólks, óháð innflytjendastöðu, og því eru úrræði sem beinast að stuðningi og aðstoð við þolendur ofbeldis sérstaklega mikilvæg.

Viðhorf til innflytjenda á Íslandi hafa hingað til verið jákvæð í samanburði við nágrannalöndin (Sigrún Ólafsdóttir, 2020). Í mörgum vestrænum ríkjum má greina aukna fordóma gegn innflytjendum, sérstaklega tengda því að innflytjendur ógni öryggi innfæddra (Heber, 2023). Þó að slík þróun hafi ekki verið jafn áberandi á Íslandi hefur umræðan hér einnig breyst í þessa átt. Í þessu ljósi er mikilvægt að fræðasamfélagið veiti þessum málaflokki athygli, bæði til að draga úr upplýsinga-óreiðu en einnig til að auka þekkingu á leiðum til að auka samheldni og draga úr ójöfnuði milli hópa.

Heimildaskrá

- Agnew, R. (1992). Foundation for a general strain theory of crime and delinquency. *Criminology*, 30(1), 47–88. <https://doi.org/10.1111/j.1745-9125.1992.tb01093.x>
- Agnew, R. (2006). *Pressured Into Crime: An Overview of General Strain Theory*. Oxford University Press USA.
- Agnew, R. (2013). When criminal coping is likely: An extension of general strain theory. *Deviant Behavior*, 34(8), <https://doi.org/10.1080/01639625.2013.766529>
- Ajzenman, N., Dominguez, P. og Undurraga, R. (2023). Immigration, crime, and crime (mis)perceptions. *American Economic Journal: Applied Economics*, 15(4), 142–176. <https://doi.org/10.1257/app.20210156>
- Berglind Hólm Ragnarsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir, Andrea Hjalmsdóttir og Bergljót Prastardóttir. (2024). Konur af erlendum uppruna í íslensku velferðarsamfélagi: Staða á vinnumarkaði, félagsleg tengsl og líðan. *Íslenska þjóðfélagið*, 15(1), bls. 3–22.
- Bernburg, J. G., Thorlindsson, T. og Sigfusdóttir, I. D. (2009). Relative deprivation and adolescent outcomes in Iceland: A multilevel test. *Social Forces*, 87(3), 1223–1250. <https://doi.org/10.1353/sof.0.0177>
- Berry, J. W. og Hou, F. (2017). Acculturation, discrimination and wellbeing among second generation of immigrants in Canada. *International Journal of Intercultural Relations*, 61, 29–39. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2017.08.003>
- Blau, J. R. og Blau, P. M. (1982). The cost of inequality: Metropolitan structure and violent crime. *American Sociological Review*, 47(1), 114–129. <https://doi.org/10.2307/2095046>
- Boateng, F. D., Pryce, D. K. og Chenane, J. L. (2021). I may be an immigrant, but I am not a criminal: Examining the association between the presence of immigrants and crime rates in Europe. *Journal of International Migration and Integration*, 22(3), 1105–1124. <https://doi.org/10.1007/s12134-020-00790-1>
- Bove, V., Elia, L. og Ferraresi, M. (2023). Immigration, fear of crime, and public spending on security. *The Journal of Law, Economics, and Organization*, 39(1), 235–280. <https://doi.org/10.1093/jleo/ewab021>
- Chouhy, C. og Madero-Hernandez, A. (2019). “Murderers, rapists, and bad hombres”: Deconstructing the immigration-crime myths. *Victims & Offenders*, 14(8), 1010–1039. <https://doi.org/10.1080/15564886.2019.1671283>
- Costello, B. J. og Laub, J. H. (2020). Social control theory: The legacy of Travis Hirschi’s causes of delinquency. *Annual Review of Criminology*, 3(1), 21–41. <https://doi.org/10.1146/annurev-criminol-011419-041527>
- Delaruelle, K., Walsh, S. D., Dierckens, M., Deforche, B., Kern, M. R., Currie, C., Maldonado, C. M., Cosma, A. og Stevens, G. W. J. M. (2021). Mental health in adolescents with a migration background in 29 European countries: The buffering role of social capital. *Journal of Youth and Adolescence*, 50(5), 855–871. <https://doi.org/10.1007/s10964-021-01423-1>
- Desmond, S. A. og Kubrin, C. E. (2009). The power of place: Immigrant communities and adolescent violence. *The sociological quarterly*, 50(4), 581–607. <https://doi.org/10.1111/j.1533-8525.2009.01153.x>
- Devos, L., Lippens, L., Lens, D., Rycx, F., Volral, M. og Baert, S. (2025). Labour market disadvantages of citizens with a migration background in Belgium: A systematic review. *De Economist*, 173, 1–55. <https://doi.org/10.1007/s10645-024-09443-5>

- Ellonen, N., Danielsson, P., Tanskanen, M., Kaakinen, M., Suonpää, K. og Oksanen, A. (2021). Individual and community-level predictors of hate-crime victimization among Finnish adolescents. *Journal of Youth Studies*, 24(9), 1251–1272. <https://doi.org/10.1080/13676261.2020.1828845>
- Eurostat Data. (e.d.). *Migration and asylum*. <https://ec.europa.eu/eurostat/web/migration-asylum/international-migration-citizenship/database> þann 2.06.2025.
- Eyrún M. Rúnarsdóttir. (2019). *Ethnicity, immigration, and adolescent well-being in the context of sociodemographic background and social support* [Doktorsritgerð, Háskóli Íslands], Háskóli Íslands.
- Fernández-Pacheco Alises, G., Torres-Jiménez, M., Martins, P. C. og Mendes, S. M. V. (2022). Analysing the relationship between immigrant status and the severity of offending behaviour in terms of individual and contextual factors. *Frontiers in Psychology*, 13, 915233. doi: 10.3389/fpsyg.2022.915233
- Froggio, G. (2007). Strain and juvenile delinquency: A critical review of Agnew's general strain theory. *Journal of Loss and Trauma*, 12(4), 383–418. <https://doi.org/10.1080/15325020701249363>
- Garmy, P., Vilhjálmsson, R. og Kristjánsdóttir, G. (2018). Bullying in school-aged children in Iceland: A cross-sectional study. *Journal of Pediatric Nursing*, 38, e30–e34. <https://doi.org/10.1016/j.pedn.2017.05.009>
- Hagstofa Íslands. (2019). *Félagsvísar: Sérhefti um innflytjendur*. 901e98bb-a182-4dc1-9059-261b7bea719b.pdf
- Hagstofa Íslands. (2024). *Mannfjöldi: Bakgrunnur*. Bakgrunnur - Hagstofa Íslands
- Haller, M. B., Solhjell, R., Saarikomäki, E., Kolind, T., Hunt, G. og Wästerfors, D. (2020). Minor harassments: Ethnic minority youth in the Nordic countries and their perceptions of the police. *Criminology & Criminal Justice*, 20(1), 3–20. <https://doi.org/10.1177/1748895818800744>
- Hällsten, M., Szulkin, R. og Sarnecki, J. (2013). Crime as a price of inequality? The gap in registered crime between childhood immigrants, children of immigrants and children of native Swedes. *British Journal of Criminology*, 53(3), 456–481. <https://doi.org/10.1093/bjc/azt005>
- Heber, A. (2023). Stranger danger: The political debate on crimmigrants. *Critical Criminology*, 31(3), 859–878. <https://doi.org/10.1007/s10612-023-09718-4>
- Hindelang, M. J., Gottfredson, M. R. og Garofalo, J. (1978). *Victims of personal crime: An empirical foundation for a theory of personal victimization*. Ballinger.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Transaction Publishers.
- Holmberg, L. og Kyvsgaard, B. (2003). Are immigrants and their descendants discriminated against in the Danish criminal justice system? *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention*, 4(2), 125–142. <https://doi.org/10.1080/14043850310020027>
- Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2013). Líðan, félagsleg tengsl og þátttaka nemenda í 5.-7. bekk grunnskóla í frístundastarfi: Samanburður á svörum eftir móðurmáli töluðu heima. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 123–140.
- Kam, J. A., Cleveland, M. J. og Hecht, M. L. (2010). Applying general strain theory to examine perceived discrimination's indirect relation to Mexican-heritage youth's alcohol, cigarette, and marijuana use. *Prevention Science*, 11(4), 397–410. doi: 10.1007/s11121-010-0180-7
- Killias, M. og Lukash, A. (2020). Migration, not migrants, is the problem: Delinquency among migrants and non-migrants in Switzerland and ex-Yugoslavia. *European Journal of Criminology*, 17(6), 896–917. <https://doi.org/10.1177/1477370819828329>
- Klement, C. (2020). Studies of immigrant crime in Denmark. *Nordic Journal of Criminology*, 21(1), 11–31. <https://doi.org/10.1080/2578983X.2019.1702270>
- Kubrin, C. E. og Alvarado, E. J. (2025). *Immigration and crime around the globe: Key findings across a diverse range of contexts*. Í D. Oberwittler og R. Wickes (ritstjórar), *Handbook on cities and crime* (bls. 202–222). Elgar.
- Lee, M. T., Martinez, R. og Rosenfeld, R. (2001). Does immigration increase homicide? Negative evidence from three border cities. *The Sociological Quarterly*, 42(4), 559–580. <https://doi.org/10.1111/j.1533-8525.2001.tb01780>
- Litvak, S., Kivivuori, J. og Kaakinen, M. (2023). Religion and hate crime victimisation: A representative study of young people in Finland. *International Criminology*, 3, 12–25. <https://doi.org/10.1007/s43576-022-00079-6>
- Loeber, R. og Farrington, D. P. (2014). *Age-crime curve*. Í G. Bruinsma og D. Weisburd (ritstjórar), *Encyclopedia of criminology and criminal justice* (bls. 12–18). Springer. https://doi.org/10.1007/978-1-4614-5690-2_474
- Margrét Valdimarsdóttir. (2022). Ákvörðun þolenda ofbeldis að tilkynna brot til lögreglu. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 18(1), 27–52. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.1.2>
- Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2017). Íslensk afbrotafraeði: Yfirlit íslenskra rannsókna á afbrotum og öðrum frávikum. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(2), 123–137. <https://ojs.hi.is/index.php/ta/article/view/3858>
- Marie, O. og Pinotti, P. (2024). Immigration and crime: An international perspective. *Journal of Economic Perspectives*, 38(1), 181–200. <https://doi.org/10.1257/jep.38.1.181>
- Martinez, B. C. (2017). General strain theory, religiosity, and delinquency among young Latino Americans. *Deviant Behavior*, 38(11), 1223–1239. <https://doi.org/10.1080/01639625.2016.1246031>
- Merton, R. K. (1957). *Social theory and social structure*. The Free Press.
- Merton, R. K. (1968). Social Structure and Anomie. *American Sociological Review*, 3(5), 672–682. <https://doi.org/10.2307/2084686>

- Nunziata, L. (2015). Immigration and crime: Evidence from victimization data. *Journal of Population Economics*, 28(3), 697–736. <https://doi.org/10.1007/s00148-015-0543-2>
- OECD. (2023). *Indicators of immigrant integration 2023: Settling in*. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/1d5020a6-en>.
- OECD. (2024). *Skills and labour market integration of immigrants and their children in Iceland. Working together for integration*. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/96adc300-en>.
- Osgood, D. W. (2023). Delinquency, unstructured socializing, and social change: The rise and fall of a teen culture of independence. *Criminology*, 61(4), 681–704. <https://doi.org/10.1111/1745-9125.12358>
- Óðinn. (2024). *Innflytjendur, kostnaður, glæpir og MENAPT lönd*. <https://vb.is/frettir/innflytjendur-kostnadir-glaepir-og-menapt-lond/>
- Ólafsdóttir, S. (2020). *How Welcoming are Icelanders? Attitudes toward immigration over time and in the European context*. Í K. Loftsdóttir, U. D. Skaptadóttir og S. B. Hafsteinsson (ritstjórar), *Mobility and Transnational Iceland: Current Transformations and Global Entanglements* (bls. 229–245). Háskólaútgáfan.
- Pickett, W., King, N., Elgar, F. J. og Michaelson, V. E. (2025). Relative socio-economic position and meaning and purpose in life in adolescents: An intangible cost of social inequalities. *SSM-Population Health*, 30, 101776. <https://doi.org/10.1016/j.ssmph.2025.101776>
- Putnam, R. D. (2007). E pluribus unum: Diversity and community in the twenty-first century. The 2006 Johan Skytte Prize Lecture. *Scandinavian Political Studies*, 30(2), 137–174. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9477.2007.00176.x>
- Rabe-Hesketh, S. og Skrondal, A. (2008). *Multilevel and longitudinal modeling using Stata*. STATA press.
- Reitz, J. G. (2012). The distinctiveness of Canadian immigration experience. *Patterns of prejudice*, 46(5), 518–538. <https://doi.org/10.1080/0031322X.2012.718168>
- Runciman, W. G. (1966). *Relative deprivation and social justice: A study of attitudes to social inequality in twentieth-century England*. University of California Press.
- Saarikkomäki, E., Birk Haller, M., Solhjell, R., Alvesalo-Kuusi, A., Kolind, T., Hunt, G. og Burcar Alm, V. (2021). Suspected or protected? Perceptions of procedural justice in ethnic minority youth’s descriptions of police relations. *Policing and Society*, 31(4), 386–401. <https://doi.org/10.1080/10439463.2020.1747462>
- Salmi, V., Kivivuori, J. og Aaltonen, M. (2015). Correlates of immigrant youth crime in Finland. *European Journal of Criminology*, 12(6), 681–699. <https://doi.org/10.1177/1477370815587768>
- Shaw, C. R. og McKay, H. D. (1942). *Juvenile delinquency and urban areas: A study of rates of delinquency in relation to differential characteristics of local community*. The University of Chicago Press.
- Sigfusdóttir, I. D., Kristjánsson, A. L. og Agnew, R. (2012). A comparative analysis of general strain theory. *Journal of Criminal Justice*, 40(2), 117–127. <https://doi.org/10.1016/j.jcrimjus.2012.01.001>
- Sigfusdóttir, I.-D. og Silver, E. (2009). Emotional reactions to stress among adolescent boys and girls: An examination of the mediating mechanisms proposed by general strain theory. *Youth and Society*, 40(4), 571–590. <https://doi.org/10.1177/0044118X08327583>
- Solhjell, R., Saarikkomäki, E., Haller, M. B., Wästerfors, D. og Kolind, T. (2019). “We are seen as a threat”: Police stops of young ethnic minorities in the Nordic countries. *Critical Criminology*, 27(2), 347–361. <https://doi.org/10.1007/s10612-018-9408-9>
- Steinmetz, C. H. D. (2020). Unravelling relations between immigration, crime and superdiversity in the United States of America, Europe, Australia and New Zealand. *Humanities and Social Sciences*, 8(1), 7–19. <https://doi.org/10.11648/j.hss.20200801.12>
- Stevens, G. W., Boer, M., Titzmann, P. F., Cosma, A. og Walsh, S. D. (2020). Immigration status and bullying victimization: Associations across national and school contexts. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 66, 101075. <https://doi.org/10.1016/j.appdev.2019.101075>
- Svensson, R. og Shannon, D. (2021). Immigrant background and crime among young people: An examination of the importance of delinquent friends based on National Self-Report Data. *Youth & Society*, 53(8), 1335–1355. <https://doi.org/10.1177/0044118X209422>
- Turner, H. A. og Butler, M. J. (2003). Direct and indirect effects of childhood adversity on depressive symptoms in young adults. *Journal of youth and adolescence*, 32(2), 89–103. <https://doi.org/10.1023/A:1021853600645>
- Unnever, J. D. (2018). Ethnicity and crime in the Netherlands. *International Criminal Justice Review*, 29(2), 187–204. <https://doi.org/10.1177/1057567717752218>
- Valdimarsdóttir, M. og Bernburg, J. G. (2015). Community disadvantage, parental network, and commitment to social norms: Multilevel study of self-reported delinquency in Iceland. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 52(2), 213–244. <https://doi.org/10.1177/0022427814548685>
- Van der Gaag, R. S. (2019). The crime–immigration Nexus: Cultural alignment and structural influences in self-reported serious youth delinquent offending among migrant and native youth. *Journal of Contemporary Criminal Justice*, 35(4), 431–460. <https://doi.org/10.1177/1043986219881827>
- Wickes, R., Hipp, J. og Laughland-Booÿ, J. (2022). Ethnic diversity, social identity, and social withdrawal: Investigating Putnam’s constrict thesis. *The Sociological Quarterly*, 63(3), 516–540. <https://doi.org/10.1080/00380253.2021.1899087>
- Wickes, R. og Sydes, M. (2018). *Immigration and Crime*. Í S. Pickering og J. Ham (ritstjórar), *The Routledge Handbook on Crime and International Migration* (bls. 11–25). Routledge International Handbooks. <https://doi.org/10.4324/9780203385562-2>

Wilson-Daily, A. E., Kimmelmeier, M. og Prats, J. (2018). Intergroup contact versus conflict in Catalan high schools: A multilevel analysis of adolescent attitudes toward immigration and diversity. *International Journal of Intercultural Relations*, 64, 12–28. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2018.03.002>

Um höfund

MARGRÉT VALDIMARSDÓTTIR (margretva@hi.is) er dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsgráðu í afbrotafræði frá CUNY árið 2020.